

Vilt þú taka þátt í leikriti???

Ungmennafélögin í Flóahrepp ætla í vetur að setja á svið leikverk. Ráðinn hefur verið leikstjóri Jón Stefán Kristjánsson og unnið er að því að finna skemmtilegt leikverk við hæfi. Í nóvember mun leikstjóri kalla saman þá leikara sem áhuga hafa að taka þátt í sýningunni, fara yfir stöðuna, skoða það leikverk sem verður fyrir valinu og skipa í hlutverk. Æfingar hefjast svo af fullum krafti í janúar og áætlað er að frumsýna seinni hluta febrúarmánaðar.

Ungmennafélögin leita eftir áhugasömu fólki sem tilbúið er að taka þátt í þessari leiksýningu, bæði sem leikara og/eða í önnur verkefni t.d. smíða leikmynd, setja upp ljós, sauma og hanna búninga, hanna leikskrá, selja auglýsingar og margt fleira. Mikil en stórskemmtileg vinna er framundan og hvetjum við alla sem einhvern áhuga hafa að taka þátt og mæta á fyrstu æfingu, en tímasetning hennar verður auglýst síðar. Endilega hafið samband við Hallfríði í Lyngholti lyngh@emax.is ef einhverjar spurningar vakna. Sjáumst...

Ungmennafélögin í Flóahrepp

Dagskrá mánaðarins

Íþróttæfing yngri í Þjórsárveri	1. október
Haustrátið í Flóaskóla	3. október
Námskeið í Laugarási	5. október
Glímuæfing í Félagslund	6. október
Íþróttæfing eldri í Þingborg	7. október
Íþróttæfing yngri í Þjórsárveri	8. október
Skautuferð Umf. Vöku	10. október
Sveitarstjóri og oddviti í Þingborg	11. október
Glímuæfing í Félagslund	13. október
Íþróttæfing eldri í Þingborg	14. október
Íþróttæfing yngri í Þjórsárveri	15. október
Glímuæfing í Félagslund	20. október
Íþróttæfing eldri í Þingborg	21. október
Íþróttæfing yngri í Þjórsárveri	22. október
Aðalfundur Sauðfjarræktarfélag. Vill.	23. október
Sveitarstjóri og oddviti í Félagslund	25. október
Glímuæfing í Félagslund	27. október
Íþróttæfing eldri í Þingborg	28. október
Íþróttæfing yngri í Þjórsárveri	29. október
Sveitarstjóri og oddviti í Þjórsárveri	1. nóvember
Héraðsmót í starfsíþróttum	1. nóvember
Folaldasýning í Kolsholti	1. nóvember
Kornskurðarball í Þjórsárveri	15. nóvember



Áveitan



10. tbl, okt. 2008. 2. árgangur.

Útg: Umf. Samhygð og Umf. Vaka.

Áb: Fanney Ólafsdóttir og Stefán Geirsson.

Netföng: fanneyo@visir.is og stegeir@hotmail.com

Íþróttæfingar fyrir alla!

Íþróttæfingar á vegum Samhygðar og Vöku fyrir eldri krakka hafa ekki verið hafnar í vetur en Baldursfólk er komið á fullt skrið. Félögin þrjú hafa nú ákveðið að í stað þess að Samhygð og Vaka haldi úti sér æfingum fyrir sitt fólk verði sameiginlegar æfingar fyrir krakka 11 ára og eldri á æfingatíma Baldurs í Þingborg á þriðjudögum frá kl. 19:30 – 21:00. Rúnar Hjálmarsson þjálfar.

Glímuæfingar í Félagslund færast af þriðjudögum fram á mánudaga af þessum sökum. Æfingatíminn er sá sami frá kl. 20:00 til 21:00. Glímuæfingarnar eru opnar öllum krökkum í 4. bekk og eldri. Krakkar úr Umf. Baldri eru sérstaklega boðin velkomin ef þau hafa áhuga á að kynna sér glímuíþróttina. Þjálfari er Stefán Geirsson.

Íþróttæfingar fyrir yngri krakka eru nú innan skólatíma á miðvikudögum og hefur þátttaka í þeim farið fram úr björtustu vonum. Hulda Kristjánsdóttir þjálfar og Haukur Gíslason er til aðstoðar.

Vonandi mælist þetta æfingaskipulag vel fyrir og kemur á móts við þarfir sem flestra.

Ungmennafélögin í Flóahrepp



Frá sveitarstjóra

Fundir með íbúum í félagsheimilum

Sveitarstjóri og oddviti verða með spjallfundi við íbúa Flóahrepps sem hér segir:

Laugardag 11. október kl. 10.00-12.00 í Þingborg

Laugardag 25. október kl. 10.00-12.00 í Félagslundi

Laugardag 1. nóvember kl. 10.00-12.00 í Þjórsárveri

Vonast er til þess að sem flestir sjái sér fært að mæta og ræða málefni sveitarfélagsins eða bara kíkja í kaffi.

Fundur vegna sorpmála

Fimmtudaginn 9. október n.k. verður haldinn íbúafundur vegna sorpmála. Fundurinn verður í Þingborg og hefst kl. 20:30. Fulltrúar Íslenska Gámafélagsins og fulltrúar sveitarfélagsins munu svara spurningum íbúa um sorpmál.

Gaulverjaskóli

Gengið hefur verið frá sölu á Gaulverjaskóla. Nýir eigendur hyggjast bjóða upp á svefnpokapláss og aðra aðstöðu fyrir ferðamenn í húsnæðinu.

Gjaldskrár fyrir mótuneyti og skólavistun

Samþykkt hefur verið að gjald fyrir hádegismat og morgunhressingu verði kr. 210 pr. dag þá daga sem kennsla fer fram í Flóaskóla. Greitt verði fyrir 20 daga að meðaltali í hverjum mánuði. Gjaldskráin verður endurskoðuð tvisvar á ári, í ágúst og febrúar ár hvert með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs.

Skólavistun er nú rekin í fyrsta sinn fyrir börn í 1.-4. bekk í Flóaskóla eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur og til kl. 17.00 alla þá daga sem kennt er.

Gjald fyrir skólavistun er kr. 350 pr. dag. Veittur er 25% systkinaafsláttur.

Reglur og gjaldskrár eru aðgengilegar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Umsjónarmaður í Þjórsárveri

Nokkrar umsóknir bárust um starf húsvardar í Þjórsárveri en umsóknarfrestur rann út 15. september s.l.

Minnisvarði um Vorsabæjarhjón afhjúpaður

Sunnudaginn 21. september var afhjúpaður minnisvarði um hjónin í Vorsabæ í skógarreit Umf. Samhygðar í Timburhólum. Athöfnin hófst kl. 15 og þar voru saman komin 150 manns, ættingjar, vinir og velunnarar þeirra hjóna, Stefáns Jasonarsonar og Guðfinnu Guðmundsdóttur. Systkinin frá Vorsabæ, Helgi, Ragnheiður, Kristín, Unnur og Sveinbjörg Stefánsbörn, afhjúpuðu minnisvarðann sem er hár stuðlabergsdrangur sem ber mynd þeirra hjóna og minningarskjöld þar sem sagt er frá lífi þeirra og starfi í fáum orðum. Sitt hvorum megin eru tveir minni drangar. Listakonan Sigga á Grund gerði myndina sem þykir listavel gerð.

Stefán Geirsson formaður Samhygðar stjórnaði samkomunni og Jón M. Ívarsson formaður minnisvarðanefndar flutti ávarp. Þar sagði hann frá gerð minnisvarðans og flutti minni þeirra Vorsabæjarhjóna. Með Jóni í nefndinni eru Stefán Geirsson, Sigurður Guðmundsson og Unnur Stefánsdóttir. Ákvörðun um gerð minnisvarðans var tekin á 90 ára afmælisdegi Stefáns 19. september 2004. Leitað var til einstaklinga og félagasamtaka um fjárstuðning og undirtektir voru góðar. Framkvæmdir hófust í ágúst þegar Vorsabæjarfeðgar Helgi og Stefán sáu um jarðvegsskipti og að steypa undirstöður. Hlaðinn var veggur úr hraungrjóti sem myndar hálfhring kringum drangana þrjá. Hleðsluna annaðist Ari Óskar Jóhannesson grjóthleðslumaður ásamt nefndarmönnum og fleirum.

Stefán í Vorsabæ var einn fjölhæfasti félagsmálamaður Suðurlands um sína daga. Hann var í fararbroddi fyrir ungmennafélagshreyfinguna, samtök bænda, umferðaröryggi og varðveislu þjóðlegra verðmæta svo fátt sé nefnt af því sem hann lét til sín taka. Guðfinna í Vorsabæ var mikil hagleikskona og prýddi heimilið með útskurði, málverkum og vefnaði. Hún gerði Stefáni kleyft að sinna áhugamálum sínum og þau voru samtaka í skógrækt og fegrun umhverfisins.

Eftir athöfnina í Timburhólum buðu börn þeirra hjóna til kaffisamsætis í Félagslundi. Þar var glatt á hjalla og margar ræður fluttar. Nú geta allir lagt leið sína niður Gaulverjabæjarveg og virt fyrir sér hinn fagra minnisvarða sem blasir við af þjóðveginum í skógræktargirðingu Umf. Samhygðar.

Minnisvarðanefndin

nóttu. Nú er um að gera að rifja upp danstaktana og pússa skóna fyrir þetta stórskemmtilega ball!

Skemmtinefndin

Úrslit af meistaramóti

Haraldur Einarsson keppti á Meistaramóti Íslands 15-22 ára á

Sauðárkróki 23.-24. ágúst sl. og stóð hann sig með þrýði:

100 m hlaup	12,84 sek	4. sæti
200 m hlaup	23,54 sek	2. sæti (Vökumet)
400 m hlaup	53,45 sek	2. sæti
Langstökk	6,01 m	4. sæti
Prístökk	12,30 m	2. sæti

Árgjöld Umf. Vöku

Nú er komið að því að innheimta árgjöld Umf. Vöku fyrir árið 2008. Að þessu sinni langar mig að breyta út af vananum og senda ekki út gíróseðla og er það vegna þess hversu dýrir þeir eru. Þess í stað langar mig að biðja félaga Vöku um að leggja árgjaldið inn á reikning félagsins. Allir félagsmenn 12 ára og eldri greiða árgjald og er það 700 kr á ári. Félagar geta annaðhvort greitt í gegnum heimabanka eða haft samband við bankann sinn og beðið gjaldkera um að millifæra. Gott væri að setja nafn og kennitölu viðkomandi félagsmanna sem skýringu.

Kennitala Umf. Vöku 471077-0389

Reikningur 0152-26-2216

Með kveðju, Hallfríður Ó. Aðalsteinsdóttir

Aðalfundur Sauðfjárræktarfélags Villingaholtshrepps

verður haldinn í Þjórsárverri fimmtudagskvöldið 23. október og hefst kl 21:00. Venjuleg aðalfundarstörf, verðlaun afhent fyrir bestu lömb og veturgamla hrúta. Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin

Gengið verður frá ráðningu Erlings Sæmundssonar í stöðuna og mun hann hefja störf nú í október.

Sveitarstjórn hefur samþykkt nýjar reglur um sameiginlega rekstrareiningu fyrir félagsheimili sveitarfélagsins sem tóku gildi 1. október. Í reglunum er gert ráð fyrir einni fimm manna rekstrarstjórn fyrir öll félagsheimilin, skipað einum fulltrúum eigenda úr hverjum hinna gömlu hreppa og tveimur úr sveitarstjórn.

Tillaga að reglum var send til umsagnar annarra eignaraðila og voru ekki gerðar athugasemdir við hana.

Reglurnar eru aðgengilegar í heild sinni á heimasíðu sveitarfélagsins.

Vinna stýrihóps við verkefni um staðsetningu og fyrirkomulag við uppbyggingu skólamála í Flóahreppi

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps þann 4. júní voru lagðir fram minnispointar frá fundi fræðslunefndar Flóahrepps með sveitarstjórn sem haldinn var 26. maí 2008. Á fundinum var lögð fram skýrsla fræðslunefndar um niðurstöður íbúafundar sem haldinn var í Flóaskóla 17. apríl.

Í ljósi niðurstaðna þeirrar skýrslu var það tillaga fræðslunefndar að unglingadeild verði stofnuð við Flóaskóla og að tillit verði tekið til þeirrar stækkunar í útreikningum og undirbúningi vegna frekari þróunar skólans.

Fræðslunefnd fór þess á leit við sveitarstjórn að fyrsti árgangur 8. bekkjar við Flóaskóla verði starfræktur skólaárið 2009-2010.

Sveitarstjórn samþykkti að gera úttekt og að vinna tillögur að staðsetningu og fyrirkomulagi við uppbyggingu skólamála. Einnig var samþykkt að setja á stofn stýrihóp vegna verkefnisins sem í sitja Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri, Margrét Sigurðardóttir, sveitarstjóri, Guðmundur Sigurðsson, umsjónarmaður fasteigna, Elín Höskuldsdóttir fyrir hönd fræðslunefndar og Jóhannes Símonarson.

Stýrihópur hefur hittst í nokkur skipti og undirbúið starfið með áherslu á þær hugmyndir sem fram hafa komið.

Ákveðið var að fá til starfa fagaðila til að horfa hlutlaust á svæðið og þær byggingar sem eru til staðar í nágrenni Flóaskóla, meta það, leggja drög að úttekt með stækkun í huga og koma með tillögu að breytingum eða viðbótum. Horfa þyrfti á notagildi bygginga og að öll hugsanleg uppbygging yrði sem hagstæðust kostnaðarlega.

Ari Guðmundsson hjá Verkfræðistofu VST á Selfossi ásamt Ingunni

Gunnarsdóttur unnu þarfagreiningu og stækkunarþörf út frá minnispunktum skólastjóra og skýrslu sem unnin var árið 2004 um stefnumótun og stofnun nýs grunnskóla í sveitarfélaginu. Stýrihópur hefur einnig átt fund með formönnum ungmennafélaga sveitarfélagsins og fulltrúa kvenfélags Villingaholtshrepps til að skoða með þeim hugmyndir að byggingu íþróttahúss og breytingar á Þjósárverri, notkun og aðstöðu í tengslum við skólalald á svæðinu. Þessi vinna hefur leitt af sér hugmyndir um að byggt verði eitt hús sem rúma mun allt viðbótarkennslurými og íþróttaaðstöðu. Byggt yrði í átt að Þjósárverri og ekki yrði hróflað við útiþróttaaðstöðu. Vinnan er þó öll á hugmyndastigi ennþá og engar ákvarðanir hafa verið teknar.

Frá Krakkaborg

Ný heimasíða Krakkaborgar

Leikskólinn hefur tekið í notkun nýja heimasíðu þar sem allar helstu upplýsingar um leikskólastarfið koma fram. Síðan hefur að geyma allt það helsta sem er að gerast í leikskólastarfinu hverju sinni.



Foreldrar fá afhent lykilorð til að komast inn á læsta síðu barnsins þar sem meðal annars er hægt að skoða myndir úr starfinu. Þessi síða býður öllum þeim er að börnunum standa bæði nær og fjær möguleika á að fylgjast með bornunum í leik og starfi.



Kórastarf

Kórastarfið er byrjað í leikskólanum Krakkaborg við mikinn fögnuð nemenda. Er kórinn undir stjórn Þórdísar Bjarnadóttur kennara á Strumpadeild og eins sést á myndinni er unga fólkið mjög áhugasamt og nýtur þessa augnabliks.

Frá Umf. Vöku

Skautuferð!

Þá er komið að skautuferð ungmennafélagsins enn á ný. Farið verður í Skautahöllina í Laugardal föstudaginn 10. október. Ungmennafélagið ætlar að styrkja förina með því að borga rútukostnaðinn en aðgangsmiðinn í höllina kostar 500 kr fyrir börn og 700 fyrir fullorðna. Að leigja skauta kostar 300 krónur. Rútan fer frá Þjósárverri á slaginu 17:30 og væntanleg heimkoma er í kringum 21:00. Krakkar undir 11 ára verða að vera í fylgd foreldra eða forráðamanna eða ásamt systkini yfir 18 ára. Tilkynna verður þátttöku í síðasta lagi miðvikudaginn 8. október hjá Guðmundu í síma 846-9775. Sjáumst sem flest.

Skemmtinefndin

Fréttir frá Aðalfundi leikdeildar

Aðalfundur leikdeildar Umf. Vöku var haldinn í Þjósárverri 16. september síðastliðinn. Þar var margt tekið fyrir svo sem gott gengi sýningarinnar á Gilitrutt og hagnaðinn sem varð af henni. Rætt var um tæknimál og hversu gott væri að kaupa 12 rása dimmer því alltaf reynist mjög erfitt að fá lánaðan einn slíkan. Leikfélag Selfoss bauð okkur þátttöku í námskeiðum sem eru á þeirra vegum í haust, raddbeitingarnámskeiði og almennu leiklistarnámskeiði. Margir voru áhugasamir. Rætt var um komandi leikár og leikverkið sem sett verður á svið í vetur. Stjórnin hélt sér óbreytt og er þannig: Þorsteinn Logi Einarsson- Formaður
Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir- Gjaldkeri
Guðmunda Ólafsdóttir- Ritari

Stjórn leikdeildar

Kornskurðarballið

Komin er dagsetning á hið sívinsæla Kornskurðar- og heimaslátraraball og verður það laugardagskvöldið 15. nóvember. Jón Bjarnason mun leika fyrir dansi og halda uppi skemmtun fram eftir

3.	Jón Þór Pálsson	´97	Vaka	1:37,9mín
4.	Jóann Smáráson	´97	Vaka	2:02,0mín

400m hlaup stelpna 11-12 ára

1.	Guðrún Inga Helgadóttir	´97	Vaka	1:33,6mín
2.	Helga Margrét Höskuldsd.	´97	Baldur	1:36,7mín
3.	Ásrún Halla Loftsdóttir	´96	Vaka	1:40,0mín

800m hlaup telpna 13-14 ára

1.	Elísa Margrét Pálmadóttir	´95	Samhygð	3:13,7mín
2.	Gunnhildur Gísladóttir	´95	Baldur	3:34,0mín

Stigakeppni liða

1.	Vaka	154 stig
2.	Baldur	106 stig
3.	Samhygð	41 stig

Héraðsmót í starfsíþróttum- seinni hluti

Seinni hluti Héraðsmóts í starfsíþróttum fer fram 1. nóvember n.k. í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Eins og kunnugt er var fyrri hluti mótsins haldinn á Landbúnaðarsýningunni á Hellu í ágúst. Að þessu sinni verður keppt í pönnukökubakstri, að leggja á borð og stafsetningu og hefst keppni kl. 13:00.

Áhugasamir keppendur geta nálgast reglugerðir fyrir keppnisgreinarnar með því að senda fyrirspurn á netföngin fanneyo@visir.is eða hgun@simnet.is Tekið verður við skráningum á sömu netföng, en í stafsetningarkeppnina hægt að skrá sig á staðnum. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverri grein og vinna verðlaunahafar sér jafnframt keppnisrétt í liði HSK á Landsmóti UMFÍ sem fram fer á Akureyri í sumar.

fó

Frá Flóaskóla

Vísindavaka 2008 var haldin föstudaginn 26. september í Reykjavík. Rannsóknamiðstöð Íslands, RANNÍS, stóð fyrir Vísindavöku en hún er haldin samtímis í helstu borgum Evrópu í tengslum við Dag vísindamannsins og styrkt af Evrópusambandinu. Í aðdraganda Vísindavöku efndi Rannís til teiknimyndasamkeppni fyrir börn. Þema keppninnar var "vísindin í daglegu lífi" og markmiðið að vekja börn og ungt fólk til umhugsunar um þau miklu áhrif sem vísindin hafa á daglegt líf okkar allra. Um 200 börn tóku þátt í keppninni, en skemmst er frá því að segja að meðal 10 vinningshafa átti Flóaskóli 2 fulltrúa!! Það eru þau Margrét Ýr Bárðardóttir frá Hólshúsum og Sveinn Orri Einarsson frá Egilsstaðakoti, bæði nemendur í 7. bekk. Við erum ákaflega stolt af okkar nemendum og þessum frábæra árangri þeirra og óskum þeim og fjölskyldum þeirra innilega til hamingju.

Skólafarfið fór af stað með miklum krafti nú í september eins og ofangreind orð gefa til kynna. Í byrjun september sögðum við frá því að skólavistun hefði verið opnuð við skólann og nýlega var ráðinn starfsmaður til að sinna því verkefni. Hún heitir Anika Bäcker og býr í Grímsnes- og Grafningshreppi. Hún er með BA próf í bókasafns- og upplýsingatækni og verslunarpróf frá FSu. Anika hefur sýnt starfinu í Flóaskóla mikinn áhuga og hefur m.a. boðið fram aðstoð sína vegna vinnu í þemaviku skólans, sem er sennilega í fullum gangi þegar þessi orð eru lesin. Þemavikan fjallar um "fjölmenningu" en Anika er einmitt af þýskum uppruna. Fjölmargir nemendur skólans eiga foreldra sem eru af erlendum uppruna, margir hafa búið erlendis til lengri eða skemmri tíma og eiga fjölskyldur og vini erlendis. Á nokkrum heimilum í Flóahreppi eru töluð fleiri en eitt tungumál og eflaust geta einhverjir íbúar sveitafélagsins státað af tvöföldum ríkisborgararétti. Með þemaviku um fjölmenningu langaði okkur í skólanum að fræðast betur um hvert annað og sýna fram á það að við eigum í raun og veru meira sameiginlegt en það sem skilur okkur að. Föstudaginn 3. október lýkur þemaviku með hausthátíð en þá munu nemendur sýna afrakstur vinnunnar um fjölmenningu. Íbúar Flóahrepps eru hvattir til að heimsækja okkur í skólann á hausthátíð – húsið verður opið kl. 11:00-12:30 – og m.a. verður boðið upp á hressingu frá ýmsum löndum!

Flóaskóli og ungmennafélagin Baldur, Samhygð og Vaka hófu í byrjun september samstarf um íþróttæfingar fyrir 6-9 ára börn. Æfingarnar eru einu sinni í viku og hefjast þegar skólatíma nemenda lýkur. Eldri nemendur eru enn

í skólanum á þeim tíma og geta yngri nemendur fengið far heim með skólabíl eldri nemenda að æfingum loknum. Foreldrar hafa lýst yfir ánægju sinni með þetta samstarf og finnst gott að fá samfellu milli náms og tómstunda nemenda. Þeir hafa jafnframt nefnt að þetta fyrirkomulag spari fjölskyldum aksturinn sem óneitanlega fylgir tómstundastarfi barnanna. Nú eru 87% nemenda í 1.-4. bekk skráð á æfingarnar og því óhætt að segja að viðtökurnar við framtakinu hafi verið góðar.

Samstarf milli Flóaskóla og leikskólans Krakkaborgar er hafið og er áhugi fyrir því hjá báðum skólunum að efla það enn frekar. Frekara samstarf mun auka enn á aðlögun og undirbúning leikskólabarna að grunnskólanum og efla tengsl milli þeirra sem að skólunum starfa. Fyrsta heimsókn verðandi 1. bekkinga verður í byrjun október en nemendur núverandi 1. bekkjar heimsóttu leikskólann einu sinni í september.

Eftir miðjan október verða samræmd könnunarpróf í stærðfræði og íslensku hjá 4. og 7. bekk. Foreldrum viðkomandi nemenda verða veittar upplýsingar um prófin þegar nær dregur.

*Með fjölmennningarlegri kveðju,
Kristín Sigurðardóttir, skólastjóri kristin@floahreppur.is*

Námskeið

Nú er komið haust og okkur langar til að kenna þeim sem áhuga hafa að búa til fallegan haustkrans.

Námskeiðið verður haldið sunnudaginn 5. október nk. kl. 11:00 - 15:00 í Gerði í Laugarási.

Námskeiðsgjald: 6.000 kr. Allt efni innifalið svo og súpa og brauð.

Upplýsingar og skráning:

Ása Kjóstöðum sími 847-1046

Ellisif Helgastöðum sími 865-4393

Kúluvarp stráka 11-12 ára

1.	Víkingur Freyr Erlingsson	'96	Vaka	8,34m
2.	Jón Þór Pálsson	'97	Vaka	6,89m
4.	Arnar Einarsson	'96	Vaka	6,68m
3.	Jóann Smáráson	'97	Vaka	5,30m

Kúluvarp stelpna 11-12 ára

1.	Guðrún Inga Helgadóttir	'97	Vaka	7,43m
2.	Ásrún Halla Loftsdóttir	'96	Vaka	6,98m
3.	Helga Margrét Höskuldsd.	'97	Baldur	6,58m

Kúluvarp telpna 13-14 ára

1.	Elísa Margrét Pálmadóttir	'95	Samhygð	7,02m
2.	Gunnhildir Gísladóttir	'95	Baldur	6,97m

400m hlaup hnokka 10 ára og yngri

1.	Alexander Jón Másson	'98	Samhygð	1:29,8mín
2.	Ægir Atlason	'98	Vaka	1:39,6mín
3.	Hannes Höskuldsson	'99	Baldur	1:42,5mín
4.	Hólmar Höskuldsson	'99	Baldur	1:51,7mín
5.	Ýmir Atlason	'00	Vaka	1:53,8mín
6.	Sigurður Andri Jóhanness.	'98	Baldur	1:56,2mín
7.	Stefán Narfi Bjarnason	'00	Baldur	2:07,7mín
8.	Sigurður Bogans	'01	Vaka	2:13,9mín
9.	Unnsteinn Reynisson	'03	Vaka	2:14,0mín

400m hlaup hnáta 10 ára og yngri

1.	Eyrún Gautadóttir	'99	Baldur	1:35,9mín
2.	Sunna Skeggjadóttir	'99	Baldur	1:36,0mín
3.	Ingibjörg Jóhannesdóttir	'02	Baldur	2:20,8mín
4.	Anna Sigurveig Ólafsdóttir	'00	Vaka	2:46,9mín
5.	Kolbrún Katla Jónsdóttir	'01	Vaka	2:49,1mín
6.	Klara Sól Ólafsdóttir	'03	Vaka	3:10,8mín
7.	Elizabeth Karen Bogans	'03	Vaka	4:36,7mín

400m hlaup stráka 11-12 ára

1.	Arnar Einarsson	'96	Vaka	1:24,7mín
2.	Víkingur Freyr Erlingsson	'96	Vaka	1:37,1mín

100m hlaup telpna 13-14 ára

1.	Elísa Margrét Pálmadóttir	´95	Samhygð	15,0sek
2.	Gunnhildur Gísladóttir	´95	Baldur	17,0sek

Langstökk hnokka 10 ára og yngri

1.	Ægir Atlason	´98	Vaka	3,31m
2.	Alexander Jón Mátsson	´98	Samhygð	3,17m
3.	Hannes Höskuldsson	´99	Baldur	3,07m
4.	Hólmur Höskuldsson	´99	Baldur	2,88m
5.	Stefán Narfi Bjarnason	´00	Baldur	2,74m
6.	Ýmir Atlason	´00	Vaka	2,61m
7.	Sigurður Andri Jóhanness.	´98	Baldur	2,60m
8.	Sigurður Bogans	´01	Vaka	2,32m
9.	Unnsteinn Reynisson	´03	Vaka	1,57m
10.	Sigurjón Reynisson	´05	Vaka	0,81m

Langstökk hnáta 10 ára og yngri

1.	Eyrún Gautadóttir	´99	Baldur	3,21m
2.	Sunna Skeggjadóttir	´99	Baldur	2,96m
3.	Klara Sól Ólafsdóttir	´03	Vaka	1,55m
4.	Anna Sigurveig Ólafsdóttir	´00	Vaka	1,49m
5.	Elizabeth Karen Bogans	´03	Vaka	1,30m

Langstökk stráka 11-12 ára

1.	Jón Þór Pálsson	´97	Vaka	3,32m
2.	Víkingur Freyr Erlingsson	´96	Vaka	3,30m
3.	Arnar Einarsson	´96	Vaka	3,24m
3.	Jóann Smáráson	´97	Vaka	3,01m

Langstökk stelpna 11-12 ára

1.	Guðrún Inga Helgadóttir	´97	Vaka	3,60m
2.	Helga Margrét Höskuldsd.	´97	Baldur	3,17m
3.	Ásrún Halla Loftsdóttir	´96	Vaka	3,10m

Langstökk telpna 13-14 ára

1.	Elísa Margrét Pálmadóttir	´95	Samhygð	3,92m
2.	Gunnhildur Gísladóttir	´95	Baldur	3,58m

Pistillinn

Komið þið sæl.

Ég vil byrja á því að þakka fyrir áskorunina. Það eru nú margar sögur sem ég get sagt ykkur um mig sjálfa svo ég var ekki lengi að finna út úr því hverju ég ætti nú að segja frá. Ég vil nú byrja á því að kynna mig. Ég heiti Sandra Dís, fædd 1986 og er tvíburi. Tvíburasystir mín heitir Telma Ýr. Ég á svo fjögur systkini í viðbót í móðurætt og á svo fimm systkini í föðurætt. Móðir mín heitir Hildur Kristín ´59 búsett í Grindavík og faðir minn hét Sigurður Geir ´45 en hann lést 17. apríl 2006. Ég sjálf er búsett í Jaðarkoti með Sigmari kærasta mínum og tveimur börnum Aldísi Tönju 2005 og Arnóri Leví 2007.

Þegar ég var 4 ára gömul bjó ég í Reykjavík. Ég hef alltaf heillast af sveitalífinu og vissi alltaf að Reykjavík væri ekki minn staður. Inga vinkona mömmu bjó á bóndabæ og fórum við stundum í heimsókn til hennar þegar ég var lítil stelpa. Einn góðan vordag fórum við til Ingu vinkonu eins og við kölluðum hana, þar sem hún var nú vinkona mömmu. Við fengum að fara á hestbak, skoða kindurnar, fara í fjósið og margt fleira. Eftir yndislegan dag sátum við öll við eldhúsborðið. Ég með stjórnur í augunum af ánægðu og sagði svo "þegar ég verð stór... ætla ég að eignast skítugan bónda". Þessi setning hefur aldrei gleymst af mínum nánustu.

Þegar ég var að verða 13 ára gömul fluttum við austur í Vík í Mýrdal. Mamma gerðist grunnskólakennari þar og áttum við mörg skemmtileg unglingsár. Rétt eftir að við vorum flutt austur og búin að koma okkur fyrir í nýja húsinu, ákvað ég að fá mér stuttan göngutúr og kanna staðinn. Það var mjög fallett veður. Ég var nú ekki komin langt frá húsinu þegar ég sá pattaralegan fugl ganga eftir götunni. Ég uppalin í Reykjavík, vissi ekki mikið um fuglalífið. Hann var eitthvað skríttinn að mér fannst. Ég reyndi að nálgast hann en alltaf haltraði hann í burtu og ældi alltaf í átt til mín. Þar með taldi ég greyið fuglinn vera fótbotinn með ælupestina.. Ég ætlaði því að bjarga greyið fuglinum og hjúkra honum. Það var nú hægara sagt en gert að elta þennan pattaralega fugl sem var síælendi. Stuttu seinna kom maður til mín. Það var víst presturinn í bænum. Hann bauðst til að drepa

hann fyrir mig. Greip í kylfuna og barði greyið fuglinn til dauða áður en ég gat nokkru svarað eða sagt. Ég í áfalli yfir þessari meðferð og ekki nóg með það, maðurinn er PRESTUR!! Svo kennir hann mér að halda á fuglinum í flýti og segir “farðu með hann heim til mömmu þinnar..” Hún verður sko ánægð!! Ég fór heim á leið með tárin í augunum en auðvitað fékk ég útskýringar heimavið hvernig sveitalífinu væri háttað þarna og að fuglar af þessari tegund væru borðaðir. Ég fékk svo að lokum að jarða greyið fuglinn.

Þegar ég var 15 ára gömul kynntist ég Sigmari. Við fórum nú í sitthvora áttina á tímabili.. Þegar Aldís var um 9 mánaða gömul lágu leiðir okkar saman aftur og höfum við ekki verið frá hvoru öðru síðan. Enda varð þá gamall draumur af veruleika.. að eignast skítugan bónda ;) Í dag eigum við æðislegt heimili sem við byggðum okkur. Fluttum inn 1. apríl 2007. Eigum æðisleg börn.

Ég læt þetta nú nægja í bili og vonandi höfðuð þið gaman af. Að lokum vil ég að skora á Erlu mágkonu mína í Ástúni að skrifa næsta pistil. ;)

Sandra Dís í Jaðarkoti

Folaldasýning

Hrossaræktardeild Villingaholtshrepps stendur fyrir folaldasýningu í Kolsholti laugardaginn **1. nóvember** n.k. Sýningin hefst kl. 14:00. Félagsmenn er hvattir til að mæta með fallegustu/efnilegustu folöldin sín. Allir eru velkomnir meðan húsrúm leyfir og ganga félagsmenn fyrir í skráningu. Skráning hjá Erling Sæmundssyni í Skálatjörn í síma 898-8779 og 483-3570. Seinasti dagur skráningar er miðvikudagurinn 29. október.

Stjórnin

Íþróttafréttir

Flóamót-úrslit

Flóamótið var haldið sunnudaginn 31. ágúst síðastliðinn á íþróttavellinum við Þjórsárver.

60m hlaup hnokka 10 ára og yngri

1.	Alexander Jón Másson	´98	Samhygð	10,4sek
2.-4.	Hannes Höskuldsson	´99	Baldur	11,5sek
2.-4.	Hólmar Höskuldsson	´99	Baldur	11,5sek
2.-4.	Ægir Atlason	´98	Vaka	11,5sek
5.	Stefán Narfi Bjarnason	´00	Baldur	11,6sek
6.	Ýmir Atlason	´00	Vaka	12,3sek
7.	Sigurður Andri Jóhanness.	´98	Baldur	12,6sek
8.	Sigurður Bogans	´01	Vaka	12,9sek
9.	Unnsteinn Reynisson	´03	Vaka	15,8sek
10.	Einar Skeggjason	´04	Baldur	28,8sek
11.	Sigurjón Reynisson	´05	Vaka	30,9sek

60m hlaup hnáta 10 ára og yngri

1.	Eyrún Gautadóttir	´99	Baldur	10,8sek
2.	Sunna Skeggjadóttir	´99	Baldur	11,1sek
3.	Anna Sigurveig Ólafsdóttir	´00	Vaka	16,8sek
4.	Ingibjörg H. Jóhannessd.	´02	Baldur	17,0sek
5.	Klara Sól Ólafsdóttir	´03	Vaka	17,5sek
6.	Elizabeth Karen Bogans	´03	Vaka	17,6sek

60m hlaup stráka 11-12 ára

1.	Arnar Einarsson	´96	Vaka	9,4sek
2.	Víkingur Freyr Erlingsson	´96	Vaka	10,6sek
3.	Jóann Smáráson	´97	Vaka	11,1sek
4.	Jón Þór Pálsson	´97	Vaka	11,2sek

60m hlaup stelpna 11-12 ára

1.	Guðrún Inga Helgadóttir	´97	Vaka	10,0sek
2.	Helga Margrét Höskuldsd.	´97	Baldur	10,6sek
3.	Ásrún Halla Loftsdóttir	´96	Vaka	11,6sek